
62. Oddný G. Harðardóttir (Replik)

Innrás Rússlands í Úkraínu hefur fært okkur áratugi aftur tímanna. Hún hefur varað í eitt og hálf ár og gæti haldið áfram árum saman með tilheyrandi mannfalli og eyðileggingu. Áhrifa stríðsins gætir ekki aðeins í Evrópu heldur um allan heim.

Nú geisar einnig stríð á milli Palestínu og Ísraels. Ísrael og Gaza hafa verið í klóm pólitískra öfgafla um langt skeið. Börn og óbreyttir borgarar líða fyrir ástandið sem er hræðilegt og virðist fara versnandi.

Norrænu ríkin hafa komið fram á alþjóðavettvangi sem boðberar friðar og hvatt til alþjóðlegra samninga og afvopnunar. Ég vil því spyrja forsætisráðherra Noregs hvort hann telji að Norðurlöndin geti beitt sér í núverandi ófriðarástandi. Hafa Norðurlöndin í raun þá stöðu meðal þjóða heims að vera afl til friðar?

Skandinavisk oversettelse

Ruslands invasion i Ukraine har sat os flere årtier tilbage i tiden. Den har nu varet i halvandet år og kan fortsætte flere år endnu med tilhørende tab af menneskeliv og ødelæggelser. Krigen påvirker ikke kun Europa, men hele verden.

Nu raser også en krig mellem Palæstina og Israel. Israel og Gaza har været i kløerne på politiske ekstreme kræfter i lang tid. Børn og civile lider på grund af situationen, som er frygtelig og ser ud til at forværres, for hver dag der går.

Norden har optrådt internationalt som budbringere for fred og opfordret til internationale forhandlinger og nedrustning. Derfor vil jeg spørge Norges statsminister, om han kan se et samlet Norden gå forrest i forhold til den nuværende krigssituation. Kan Norden reelt indtage en position blandt verdens lande som kraft for fred?

Upplýsingar

Ræðunúmer

62

Gerð

Replik

Notandi

[Oddný G. Harðardóttir](#)

Staða

Waiting for transcription

Dagsetning

31.10.23 16:19